

Eldri byggingar lagaðar að kröfum og þörfum fyrirtækja

EON arkitektar hafa komið að hönnun margra þekktra bygginga og hafa vakið athygli fyrir tengingu byggingarlistar og umhverfis, enda markmið arkitektastofunnar að sameina nútímaarkitektúr og rótgróna íslenska siði og venjur í byggingarlist í eina heild sem hæfir íslensku veðurfari og hinu hraða hátækni-samfélagi sem við lifum í.



Brautarholti 1
105 Reykjavík
Sími: 5115080
Vefsíða: www.eon.is

Stór þáttur í störfum arkitekta í rótgrónum borgum eru breytingar og aðlögun eldri bygginga að hátækni-samfélagi nútímans. Í slíkum verkum er haft að leiðarljósi að byggingar eigi að geta lagað sig að breyttum kröfum framtíðarinnar, án þess að missa þann karakter sem þær hafa.

Þessa dagana eru EON arkitektar meðal annars með á teiknborðinu hjá sér eldri

hús í miðbænum sem eru að skipta um hlutverk. Hugmyndir eru um að endurhanna húsin, byggja við þau eða ofan á og hanna tæknilegar útfærslur fyrir „high profile“ fyrirtæki sem vilja flytja starfsemi sína í miðborgina. „Þessi hús eiga það sameiginlegt að verið er að færa þau til nútímans. Þarfir fyrirtækja á þeim tíma sem þessar byggingar voru upphaflega resitar voru allar aðrar en kröfur og þarfir fyrirtækja í dag.“

EON arkitektar eru:

- **Hlédis Sveinsdóttir** útskrifaðist með Mastersgráðu í arkitektúr árið 1994 frá University of California (UCLA). 1994-1995 starfaði hún í Bandaríkjunum og árin 1995-1997 starfaði hún í Moskvu að sjálfstæðum verkefnum. Frá 1997 hefur hún unnið að eigin verkefnum á Íslandi.
- **Gunnar Bergmann Stefánsson** útskrifaðist árið 1995 frá Southern California Institute of Architecture, (SciArch) með B.Arch. gráðu í arkitektúr. 1995 vann hann að verkefnum í Bandaríkjunum. Hann hóf störf á Íslandi vorið 1996, með Pálmari Kristmundssyni og unnu þeir saman fyrstu verðlaun í samkeppni um sendiráð Íslands í Berlín.
Hlédis Sveinsdóttir og Gunnar Bergmann Stefánsson stofnuðu EON arkitekta árið 1999.





Grandagarður 8 Grandagarður 8 var byggður árið 1945 og voru hönnuðir Sigvaldi Thordarson, Gísli Halldórsson og Axel Kristjánsson. Seinna hafa fleiri arkitektar komið að breytingum á húsinu. Húsið var byggt sem hraðfrystihús og niðursuðuverksmiðja. Það stendur á svæði sem verið er að deiliskipuleggja, og eru uppi metnaðarfullar áætlanir um uppbyggingu svæðisins á næstu árum. Framsýn, fyrirtæki í verslun og viðskiptum, á húsið og skipuleggur breytingar að innan sem utan.

„Ætlun okkar er að gjörbreyta ímynd hússins, breyta gömlu iðnaðarhúsnæði í byggingu sem endurspeglar nútímabjóðfélag, stórir fiskvinnslusalir fortíðar breytast

í sali sem þjóna verslun og viðskiptum í nútímanum.“

Inn í húsið flytja fyrirtæki verslunar og hátækni. Fjórar hæðir fyllast af starfsfólki, áætlað er að í þessum hluta hússins starfi 250-300 manns. Hinn helmingur hússins mun hýsa Sjóminjasafnið enda staðsetningin við gamla Slippinn og bryggjuna kjörin.

Við hönnunina er vitnað í söguna, húsið mun hækka um eina hæð og lyftast frá jörðinni þar sem jarðhæðin verður klædd gleri og upplýst. Tæknilegar útfærslur á klæðningum og frágangi vísa í nýtt hlutverk byggingarinnar. Málmklæðningar og gler spegla hafflötinn og endurkasta birtu.

Pverholt 11 Pverholt 11 var teiknað og byggt árið 1979. Húsið var hannað af arkitektinum Gunnari Hanssýni. Það var sérstaklega hannað fyrir starfsemi fjölmíðla. Starfsemi af þessum toga á ekki lengur heima í miðborg, húsið er miðbæjarhús í hverfi sem er á mörkum íbúða og atvinnustarfsemi. Í byggingunni eru stílblöð mjög afdráttarlaus og sjáanleg og er það vandasamt og verdugt verkefni að vinna með slíka byggingu.

„Ætlunin er að halda í karakter hússins, finna byggingunni hlutverk og fastan sess í miðbæ Reykjavíkur nútímans. Staðsetningin er mjög vinsæl, meir og meir er byggt af íbúðum á svæðinu sem sinna kröfum fólks sem lifir og starfar í miðbænum og vill ekki vera í úthverfum. Þannig kallar

staðsetningin og umgjörð hússins á sameiningu viðskiptalífs og íbúða.“

Á fyrstu þremur hæðunum er ætlunin að hýsa starfsemi fyrirtækja á sviði hönnunar og framkvæmda. Um er að ræða concept sem vinsælt er um allan heim. Fyrirtæki innan sama geira, sameinast um „local“, styðja hvert við annað og jafnvel samnýta aðstöðu að einhverju leyti.

Hinni steypu lárétu ásýnd hússins er haldið í ofanábyggingu, en hún er klædd með sandblásnu fljótandi gleri. Á efri hæðum brotna hinir lárétu fletir upp og mynda svalir eða gluggaútskot í lúxusbúðum af mismunandi stærðum með stórkostlegu útsýni.

Bílastæði verður í kjallara og einkalyfta verður í húsinu sem þjónar íbúðunum.



Ingólfsstræti 1 Ingólfsstræti 1 var upprunalega teiknað af Guðjóni Samúelssýni og byggt árið 1933, seinna var byggt við það 1970 og voru Guðmundur Kr. Guðmundsson og Ólafur Sigurðsson hönnuðir viðbyggingarinnar. Síðan þá hefur húsalínan við sjávarsíðuna gjörbreytst og húsið, sem áður var glæsihús, virkar nú eins og lítill kubbur innan um hærri byggingar seinni tíma.

Hér er verkefnið að breyta þessari þriggja hæða sögulega byggingu, hækka hana í átta hæðir og jafnframt byggja við hana. „Við tókum strax þá stefnu að virða leikreglur gamla meistarans og varðveita þann hönnunarramma og efnistöð sem Guðjón hafði ákvarðað.“

Byrjað er að undirbúa framkvæmdir við húsið og er áætlað að innan árs verði starfrækt í húsinu Hótel Amarhvoll með 105 herbergjum, útsýni allt til Suðurnesja og Snæfellsjökuls og glæsilegum veitingastað á efstu hæð. Staðsetningin er mikilvæg, við sjávarsíðuna og þar sem að verið er að skipuleggja gífurlega uppbyggingu, þar á meðal nýtt tónlistarhús og ráðstefnusali.

Byggingin er reist í núverandi götumynd og leitast við að virða og styrkja heildarmynd núverandi byggingar. Kraftmikil hrafntinnuklæðning hússins vegur á móti léttum fljótandi glerflötum í nýju anddyri, og tengir þannig hið 70 ára tímabil sem spannar byggingartíma hússins. 